

## 9. gr.

Leita skal samþykkis dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari og breytingum sem á henni kunna að verða gerðar.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júlí 1998.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir rannsóknarsjóð í slitgigtarsjúkdómum.

## 1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir *Rannsóknarsjóður í slitgigtarsjúkdómum*. Heimili og varnarþing er í Reykjavík. Stofnendur eru sérfræðingar í slitgigtarsjúkdómum.

## 2. gr.

Stofnfé rannsóknarsjóðs í slitgigtarsjúkdómum skal vera kr. 500.000. Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjóðsins.

## 3. gr.

Markmið og hlutverk sjóðsins er að efla rannsóknir á sviði slitgigtarsjúkdóma m.a. með endurmenntun, tækjakaupum, rannsóknar- og ferðastyrkjum.

## 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur, gjafir og hvers konar styrktarfé og önnur framlög sem veitt er viðtöku eða aflað.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð tveimur mönnum sem kosnir eru á stofnfundi. Samþykki beggja stjórnarmanna þarf til að skipa nýjan mann í stjórn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

## 6. gr.

Stjórnin skal halda fundargerðabók um það sem gerist á fundum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar viðurkenndar reikningsskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum.

## 8. gr.

Breyta má skipulagsskrá þessari ef báðir stjórnarmenn samþykka. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til rannsóknarstarfsemi í læknisfræðum samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

Leita skal samþykkis dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari og breytingum sem á henni kunna að verða gerðar.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. júlí 1998.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir sjálfseignarstofnunina Húsfélag Hvanneyrar.

## 1. gr.

Bændaskólinn á Hvanneyri stofnar hér með sjálfseignarstofnun til að standa að rekstri og byggingu íbúðarhúsa fyrir kennara og aðra starfsmenn Bændaskólans á Hvanneyri.

Stofnunin heitir Húsfélag Hvanneyrar. Heimili hennar og varnarþing er að Hvanneyri í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

## 2. gr.

Markmið stofnunarinnar er að byggja og/eða reka íbúðarhúsnæði fyrir kennara og aðra starfsmenn Bændaskólans á Hvanneyri. Markmiðum sínum hyggst stofnunin ná með því að byggja, selja og/eða leigja íbúðarhúsnæði á Hvanneyri.

Kennarar og aðrir starfsmenn við Bændaskólann á Hvanneyri, sem hafa fastan ráðningarsamning, skulu hafa rétt til að fá úthlutað húsnæði á vegum stofnunarinnar, annað hvort til leigu eða kaups.

## 3. gr.

Stjórn Húsfélags Hvanneyrar er skipuð þremur mönnum. Skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri skal vera formaður stjórnar án tilnefningar, en fastráðnir starfsmenn Bændaskólans á Hvanneyri skulu tilnefna einn fulltrúa. Þriðji fulltrúinn skal tilnefndur af skólafullnefnd Bændaskólans á Hvanneyri.

Fulltrúar sem tilnefndir eru skulu skipaðir til þriggja ára í senn. Bændaskólinn á Hvanneyri og starfsmenn tilnefna einn mann til vara hver. Varamaður skólastjóra tekur sæti sem formaður stjórnar, þá er hann er kallaður til.

Verði stofnunin án fullskipaðrar stjórnar á einhverjum tíma, eða tilnefning fæst ekki til stjórnarstarfa skal Bændaskólinn á Hvanneyri tilnefna nýja stjórnarmenn til að fylla í skarðið.